

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

764. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn þriðjudaginn 9. október 2012 kl. 11:40 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við hafnarvörð um Áætlun um móttöku úrgangs.
2. Bréf Skipulagsstofnunar.
3. Útdráttur úr skýrslu Byggðastofnunar frá júní 2012.
4. Fundarboð 20. Ársþings SSNV og aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra.
5. Upplýsingar frá Símanum um bætt GSM og 3G samband.
6. Úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á áhrifum af lagningu ljósleiðara.
7. Upplýsingar frá fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 4. okt. sl..

Afgreiðslur:

1. Pétur Arnarsson, hafnarvörður er mættur til viðræðna við byggðarráð. Kynnti hann Áætlun Hvammstangahafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum. Byggðarráð þakkar Pétri fyrir vel unna áætlun. Byggðarráð samþykkir áætlunina og felur sveitarstjóra/hafnarstjóra og hafnarverði undirritun hennar.
2. Fram lagt bréf Skipulagsstofnunar þar sem kynnt er tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024 og sveitarstjórnnum gefinn kostur á að senda inn umsagnir. Byggðarráð samþykkir að vísa tillögunni til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Fram lagður til kynningar útdráttur úr skýrslu Byggðastofnunar „Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.“
4. Til kynningar lagt fram fundarboð 20. Ársþings SSNV og aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra sem haldnir verða á Skagaströnd 12.-13. október nk.
5. Til kynningar lagðar fram upplýsingar frá Símanum þar sem gerð er grein fyrir bættu GSM og 3G sambandi í Húnaþingi vestra í kjölfar uppsetningar nýrra senda og símsstöðva. Byggðarráð fagnar bættu fjarskiptasambandi í sveitarfélaginu.
6. Fram lögð úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á áhrifum af lagningu ljósleiðara sem unnin var að beiðni sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir að vísa úttektinni og afgreiðslu málsins til sveitarstjórnar.
7. Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir atriðum er komu fram á fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 4. október sl. m.a. framkvæmdum á Laugarbakka og ákvörðun um lýsingu á gatnamótum Hvammstangavegar og Hringvegar nú í haust.

Fundargerð upplestin

Fundi slitið kl: 12:40

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Leó Örn Þorleifsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.